

Ályktun stjórnar Reykjanesfólkvangs

Meðal svæða sem tekin verða til nýtingar samkvæmt tillögu til þingsályktunar um vernd og nýtingu eru svæði innan marka Reykjanesfólkvangs. Einnig eru innan marka fólkvangsins svæði sem falla í biðflokk og verndarflokk. Fagna ber verndun Brennisteinsfjalla sem er friðsæl fjallavin við jaðar borgarmarkanna. Að sama skapi er leitt að Krýsuvíkursvæðið sé sett í nýtingarflokk þar sem önnur nýting, ferðamennska og náttúruskoðun er þegar fyrirferðamikil á svæðinu og óvíst um það hvort það fari saman.

Þessi niðurstaða gefur tilefni til hugleiðinga um tilgang þess að vernda svæðið með þeim skilyrðum sem um fólkvanga gildir. Einnig gefur það tilefni til vangaveltna um hlutverk fólkvanga almennt sem verkfæri til verndunar náttúru.

Í lögum um náttúruvernd eru fólkvangar skilgreindir sem “tiltekið landsvæði, sem ætlað er til útvistar og almenningsnota.” Friðlýsing Reykjanesfólkvangs bætir ekki miklu við þá skilgreiningu og eru lítil takmörk sett á landnotkun innan marka fólkvangsins.

Ástæða er til að ætla að framkvæmdir, rask og breytingar á stórum svæðum í fólkvanginum muni draga verulega úr ánægju fólks af að sækja fólkvanginn heim. Ein sérstaða landslagsins eru hinar miklu auðnir sem þó eru í næsta nágrenni þéttbýlis. Nýleg dæmi og reynsla af jarðvarmavirkjunum gefur ekki tilefni til annars en að vænta umfangsmikillar röskunar á nýtingarsvæðum jarðvarma.

Stjórn Reykjanesfólkvangs hefur verið falið það hlutverk að standa vörð um svæðið innan marka fólkvangsins fyrir almenning og kynslóðir framtíðar. Þetta fyrrastóra svæði merkra jarðmyndana og viðkvæmrar náttúru er í seilingarfjarlægð helstu þéttbýlissvæða landsins. Það eru víðerni við byggðarjaðar. Fyrir fjórum áratugum höfðu stjórnámálamenn úr mörgum sveitarfélögum suðvestan lands þá forsjálni að taka frá svæði fyrir útivist og til að varðveita náttúru í næsta nágrenni hins sívaxandi þéttbýlis. Allar meiriháttar framkvæmdir eru líklegar til að draga úr þeim gæðum sem svæðið veitir almenningi hér á landi og gestum okkar. Í því ljósi getur stjórn Reykjanesfólkvangs ekki annað en lagst gegn því að jarðvarmi sé nýttur til orkuöflunar á svæðinu eins og það er skilgreint nú.

F.h. Stjórnar

Sverrir Bollason

Formaður